

# Vatnshæð í Skorradalsvatni 2022

Vatnshæð Skorradalsvatns fór yfir viðmiðunarmörk Orku náttúrunnar í lok mars árið 2022 vegna mikilla leysinga og vatnavaxta. Vegna langvarandi frostakafla og frosthörku í lok árs 2022 var lítið innstreymi í vatnið og fór vatnshæðin undir viðmiðunarmörk fyrirtækisins. Veðurstofa Íslands hefur útbúið innstreymislíkan fyrir Skorradalsvatn sem sýnir innstreymi í vatnið þrjá daga fram í tímann.

